

## NÁMSGREIN MYNDMENNT / SJÓNLISTIR

### KENNSLUFIRLIT NÁMSÁRIÐ 2022- 2023

**Bekkur: 10. bekkur**

**Kennari: Greta S. Guðmundsdóttir**

**Kennsluaðferðir: Innlögn, myndasýningar, sýnikennsla, verkleg vinna ljósmyndaverkefni, heimavinna og samtal.**

**Námsefni: Allt námsefnið er búið til og mótað af myndmenntakennara**

**Námsmat: Leiðsagnarmat / Hæfniviðmið**

**Námsgögn: Margskonar litir, pappír, efni og verkfæri ásamt myndasýningum og fagorðabanka**

**Lykilhæfni:** *Lögð verður áhersla á að nemandi öðlist eftirfarandi lykilhæfni.*

- Notað orðaforða á fjölbreyttan hátt og viðeigandi hugtök sem tengjast margskonar umfjöllunarefni.
- Nýtt fjölbreyttar aðferðir við að miðla þekkingu sinni og leikni, skoðunum, hugsunum og tilfinningum á skipulegan og skýran hátt sem við á hverju sinni.
- Spurt rannsakandi spurninga skipulagt eigin áætlun og endurskoðað ferli við efnistöð og úrvinnslu verkefna.
- Beitt mismunandi sjónarhornum, gagnrýninni hugsun við mótun og miðlun viðfangsefna á skapandi hátt.
- Verið óhræddur að nýta sér mistök og óvæntar niðurstöður á gagnrýninn og skapandi hátt og séð í þeim nýja möguleika.

- Tekið frumkvæði í námi sínu og verið sjálfstæður og ábyrgur í vinnubrögðum.
- Tekið leiðsögn og gagnrýni á uppbyggilegan hátt og að sama skapi sett eigin gagnrýni uppbyggilega fram.
- Nýtt fjölbreytta miðla og hjálpartæki á ábyrgan hátt við að leita upplýsinga og til stuðnings í námi sínu.

Tímabil	Verkefni	Markmið og leiðir	Hæfniviðmið	Námsmat
<p><b>Kennt er í fjórskiptum Lotum:</b></p> <p><b>Hópur 1:</b> 23.08 -18.10</p> <p><b>Hópur 2:</b> 19.10 -17. 01</p> <p><b>Hópur 3:</b> 18.01 - 14.03</p> <p><b>Hópur 4:</b> 15.03 -05.06</p>	<p><b>Hugmyndabók</b></p> <p><b>Fjarvídd, sjónlína</b></p> <p><b>Hraðteikning</b></p>	<p>Geti sett hugmyndir sínar á blað og unnið út frá þeim.</p> <p>Búa til sína eigin hugmyndabók og vinna verkefni og hugmyndir í hana</p> <p>Þekki hugtökin fjarvídd, þrívídd, sjónlína og hvarfpunktur og geti beitt þeim</p> <p>Teikniæfingar í fjarvídd, þrívídd og með hvarfpunkti eftir fyrir fram gefnum grunnreglum</p> <p>Fái leikni í teikningu</p> <p>Verkefnið er tímastíllt á mismunandi hluti og í andlitsmynd þar sem nemendur teikna hvort annað</p>	<p><i>Valið á milli mismunandi aðferða við sköpun, prófað sig áfram og unnið hugmyndir í fjölbreytta miðla</i></p> <p><i>Greint og beitt fjölbreyttum aðferðum og tækni</i></p> <p><i>Tjáð skoðanir eða tilfinningar í eigin sköpun með tengingu við eigin reynslu og gagnrýni á samfélagið</i></p> <p><i>Sýnt og útskýrt vinnuferli frá hugmynd að lokaverki sem felur m.a. í sér upplýsingaöflun, tilraunir og samtal</i></p> <p><i>Skrásett og sett fram hugmyndir á fjölbreyttan hátt byggðum á eigin ímyndunarafli og / eða rannsókn, myndrænt og/ eða í texta</i></p> <p><i>Notað orðaforða og hugtök til að tjá skoðanir sýnar á myndlist og hönnun og fært rök fyrir þeim út frá eigin gildismati</i></p>	<p><b>Leiðsagnamat og hæfniviðmið.</b></p> <p>Verkefnin eru metin út frá vinnu /hugmyndavinnu, verklagi, virkni og svörun og viðbrögð við verkefninu í samræmi við hæfniviðmið</p>

	<b>Málað á striga</b>	<p>Fái leikni í að mála á striga</p> <p>Áhersla á hugmyndavinnu þar sem nemendur leita að viðfangsefni með eigin myndatöku.</p>	<p><i>Greint, borið saman og lýst ýmsum stílum og stefnum í myndlist og hönnun, bæði á Íslandi og erlendis og tengt það við þá menningu sem þeir eru sprotnir úr</i></p> <p><i>Greint hvernig sjónrænt áreiti daglegs lífs hefur áhrif á líf okkar og gildismat</i></p>	
	<b>Listasaga</b>	<p>Kynnist heimi myndlistarinnar og möguleika myndsköpunar.</p> <p>Kynnist og þekki ýmis listaverk og ýmsa listamenn.</p> <p>Skilað inn á Google Classroom</p>		
	<b>Orðaforði</b>	<p>Læri ný orð sem tengjast þeim verkefnum sem unnið er með</p> <p>Skrá skoðanir og tilfinningar í eigin sköpun</p> <p>Skilað inn á Google Classroom</p>		